



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030*

Þann 17. ágúst 2021 óskaði stýrihópur um mótun lýðræðisstefnu á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar eftir umsögn velferðarráðs um meðfylgjandi drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030.

Umsögn:

Velferðarráð fagnar framlögðum drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og tekur undir markmið stefnunnar um að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og áherslu á samráð við íbúa borgarinnar í málum er varða stjórnun sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Velferðarráð leggur mikla áherslu á að raddir notenda þjónustu velferðarsviðs, svo sem aldraðs og fatlaðs fólks verði ávallt teknar til hliðsjónar í öllum ákvörðunum sem teknar eru varðandi stefnumörkun og skipulag þjónustu um málefni sem þau varða. Mikilvægt er að lýðræðisstefnan feli í sér áherslu á aðkomu samfélagshópa á borð við fyrrnefnda hópa að málefnum borgarinnar. Bent er á að í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem og í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er skýrt kveðið á um samráð við fatlað fólk. Reykjavíkurborg hefur sett á laggirnar Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík sem er sérstakur samráðshópur og einnig er starfandi samkvæmt lögum Öldungaráð Reykjavíkur sem fjallar um málefni eldri borgara. Hlutverk þessara nefnda og ráða er að tryggja aðkomu þessara samfélagshópa að stefnumörkun og skipulagi þjónustu um málefni er þau varða. Nauðsynlegt er að tryggja fötluðu fólki og öldruðu stuðning og viðeigandi aðlögun til að þau geti sinnt hlutverki sínu í nefndunum. Fulltrúar velferðarsviðs eru áheyrnarfulltrúar í samráðshópunum, en undirbúningur funda og framkvæmd er á hendi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Það er mikilvægt að tryggja sterkari tengingu á milli velferðarráðs og samráðshópanna, þar sem velferðarmálin eru í brennidepli í báðum þessum hópum.

Fylgiskjal:

Drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030